

Dagskráin fram að áramótum

JCI Esja, JCI Lind og JCI Reykjavík

Hér förum við yfir þá viðburði sem eru komnir á dagatal hjá okkur. Endilega farðu yfir þetta skjal og taktu dagsetningarnar frá.

Það er ekki búið að fastsetja staðsetningar á allt saman og margt sem á eftir að kynna nánar svo vertu vakandi fyrir öllum auglýsingum (tölvupóstur, facebook, heimasíða). Eins gæti eitthvað dúkkað upp aukalega með litlum fyrirvara.

Við leggjum áherslu á að félagsmenn okkar mæti í það minnsta á félagsfundina okkar en mæting á námskeið og skemmtikvöld er valkvæð. Við að sjálfsgöðu hvetjum þig til þess að mæta á sem flesta viðburði til þess að fá sem mest út úr starfinu og kynnast sem flestum. Athugaðu að suma viðburði þarf að skrá sig á sérstaklega og er það þá tekið fram.

Ef þig þyrstir í eitthvað meira, endilega láttu vita. Það er oft hægt að húa í lítinn hitting eða fræðslukvöld með áhugaverðu efni 😊

Ef þig langar að taka þátt eða hjálpa til við að skipuleggja og framkvæma einhverja af eftirfarandi viðburðum, vertu þá endilega í sambandi!

Október

25. október	Nýtt nýliðanámskeið hefst
27. október	Fimmtudagsfræðsla – tímastjórnun Kl. 20:00 í Hellusundi, Tryggvi Freyr leiðbeinir

Nóvember

3. nóvember	Ræðuveisla – tími og staðsetning auglýst síðar Ræðuveisla gengur út á að draga umræðuefni og etja kappi í ræðustólnum. Þeir sem eru óvanir geta bæði séð vana ræðumenn að störfum og fengið leiðsögn frá vönum ræðumönnum. Góð æfing í framkomu og ræðumennsku! Ekki þurfa allir að taka þátt, það er líka gaman að koma og horfa! Þemað verður eitthvað daðurtengt.
9. nóvember	Fundarritun - námskeið Tveggja kvölda námskeið sem fer fram 9. og 16. nóvember kl. 18-20 . Farið verður ofan í það hvernig við ritum og skilum af okkur góðum fundargerðum. Mjög mikilvægt tól á öllum fundum! <i>Námskeiðið fer fram í Hellusundi 3 kl. 18-20 – skráning á jcireykjavik@gmail.com</i> Lestu nánar um þetta námskeið aftast í skjalinu!
11. nóvember	Lokakvöld Ræðu I Nemendur sem er á námskeiðinu Ræða I munu hér takast á í rökræðukeppni. Umræðuefnið er "Lagt er til að fjölkvæni/fjölveri verði leyft á Íslandi". Keppnin byrjar kl. 20 og verður í Félagsmiðstöðinni Frosta, Frostaskóli (KR heimilinu). Allir eru hvattir til þess að koma og horfa á skemmtilega ræðukeppni! Lokakvöld nýliðanámskeiðs

	<p>Síðasta námskeiðskvöldið á nýliðanámskeiðinu sem hefst 25. október.</p> <p>Partý</p> <p>Að þessu sinni er þrefalt partý. Við fögnum lokum á ræðunámskeiði, við fögnum lokum á nýliðanámskeiði og tökum inn nýja félag. Heyrst hefur að þetta partý verði með salsa þema en það verður auglýst betur þegar nær dregur.</p> <p>Takið kvöldið frá!</p>
12. nóvember	<p>FS fundur</p> <p>Stöðufundur framkvæmdastjórnar. Fundurinn er opinn öllum en þeir sem hafa atkvæðarétt á fundinum eru landsstjórn og forsetar aðildarfélaga.</p>
14. nóvember	<p>Nýtt nýliðanámskeið hefst. Ef þú veist um áhugasama, láttu þá og okkur vita – við getum gefið þér kynningarefni til dreifingar ☺</p> <p>Ef þú vilt leiðbeina og fá þannig þjálfun í framkomu, láttu okkur vita ☺</p>
17. nóvember	<p>Fyrirtækjaheimsókn</p> <p>Við förum í heimsókn í fyrirtæki og fáum kynningu á því og við kynnum JCI fyrir fyrirtækinu í leiðinni.</p> <p>Matur</p> <p>Fáum okkur eitthvað gott að borða saman eftir fyrirtækjaheimsóknina</p> <p>Sameiginlegur félagsfundur</p> <p>Öll aðildarfélögin halda félagsfund saman. Góður gestur mun koma og halda erindi.</p>
22. nóvember	<p>Fundarstjórn – námskeið</p> <p>Fjögurra kvölda námskeið sem fer fram 22. og 26. nóv og 6. og 13. desember. Farið verður í saumana á því hvernig góð fundarstjórn fer fram, hvað fundarstjóri þarf að vita o.þ.h. Mikilvæg vitneskja á öllum fundum!</p> <p><i>Námskeiðið fer fram í Hellusundi kl. 20-22 – skráning á jcireykjavik@gmail.com</i></p> <p>Lestu nánar um þetta námskeið aftast í skjalinu!</p>
25. – 27. nóv	<p>Akademía!</p> <p>Á föstudagskvöldið 25. nóvember er námskeið fyrir viðtakandi stjórnir í aðildarfélögum.</p> <p>Laugardaginn 26. nóvember er svo námskeið og skemmtilegt „activity“ opin öllum félögum og munum við vinna frá morgni og langt fram eftir. Hér er gott tækifæri til þess að vinna með styrkleika og veikleika, takast á við áskoranir og styrkja tengslanetið innan félagsins!</p> <p><i>Þetta verður auglýst betur þegar nær dregur en taktu allan daginn frá! Þú sérð ekki eftir því ☺</i></p>

Desember

2. desember	<p>Lokakvöld nýliðanámskeiðs</p> <p>Partý með daðurbema sem er opið öllum, fögnum lokum á nýliðanámskeiði og tökum inn nýja félag.</p>
4. desember	<p>Konfekt- og brjóstsykursgerð</p> <p>Tryggvi og Guðlaug sjá um þessa fjölskylduskemmtun þar sem við komum saman og búum til heimalaga konfekt og lærum að búa til brjóstsykur. Það þarf að skrá sig á þennan viðburð, verið því vakandi fyrir auglýsingum!</p>
8. desember	<p>Sameiginlegur félagsfundur með jólaþema</p> <p>Öll aðildarfélögin halda félagsfund saman. Spennandi gestur mætir og heldur erindi.</p>
	<p>Jólatréshittingur</p> <p>Ef áhugi er fyrir þá komum við saman, þeir sem vilja höggva sér jólatré, hitum kakó og eigum smá kósýstund rétt fyrir jólin.</p> <p>Ekki er komin föst dagsetning á þennan viðburð.</p>

Námskeiðin Fundarritun og Fundarstjórnun

Viltu vinna þér inn fyrir félagsgjöldum – viðburðum – ferðalögum o.fl.?

Við í JCI erum í samstarfi við Eignaumsjón um húsfundi, þar sem JCI félagar koma á fundinn sem fundarstjórar eða fundarritarar. Þetta er góð tekjulind en hver fundur tekur bara eina kvöldstund (eða bara hluta úr kvöldi) en gefur vel af sér. Margir JCI félagar hafa greitt fyrir allt starfið sitt með því að taka nokkra svona fundi og erum við þá að tala um félagsgjöld, landsþing, erlendar akademíur og þing o.fl.

Til þess að geta nýtt þetta sem tekjulind fyrir þig þarftu fyrst að fara á námskeið og læra fundarstjórn og fundarritun. Þar næst færðu að fara inn á fundi með reyndum félögum og læra vinnubrögðin.

Í nóvember og desember verða haldin tvö námskeið, annarsvegar Fundarritun sem er tveggja kvölda námskeið og Fundarstjórnun sem er fjögurra kvölda námskeið.

Skráðu þig á námskeiðin hjá JCI Reykjavík með því að senda póst á: jcireykjavik@gmail.com.

Allar fyrirspurnir eru vel þegnar, það má senda póst á jcireykjavik@gmail.com, esja@jci.is eða hringja (t.d. í Guðlaugu í síma 821-7619 sem er eiginlega alltaf við símann þar sem hún er heima í fæðingarorlofi! ☺).

Það er skemmtilegt og spennandi starf framundan – við hlökkum til að sjá þig!

Með bestu kveðju,
stjórnir aðildarfélaganna

